



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Innanríkisráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. september 2015.

## **Efni: Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands við drög að frumvarpi til nýrra laga um útlendinga.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar endurskoðun á núgildandi lögum um útlendinga og metur drög að nýjum lögum þar að lútandi sem mun skýrari og aðgengilegri en nú er. Telur skrifstofan lögin einnig fela í sér umtalsverða réttarbót fyrir innflytjendur og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Tillögu um móttökumiðstöð fyrir þá síðarnefndu er sérstaklega fagnað sem og tillögu um að réttaráhrifum verði sjálfkrafa frestað í öllum málum um alþjóðlega vernd þar til niðurstaða í kærumáli liggur fyrir á æðra stjórnslustigi. MRSÍ bendir þó á að tryggja verður móttökumiðstöðinni nægt fjármagn og mannafla með sérþekkingu svo hún nái að sinna þeim hlutverkum sem henni eru ætluð. Skrifstofan fagnar tillögu um fjölgun nefndarmanna í kærunefnd útlendingamála og hvetur einnig til þess að nefndinni verði tryggt nægt fjármagn svo hún geti unnið sín störf á skilvirkan hátt.

Þá er og mikil framför í þeirri tillögu að réttindasöfnun til búsetuleyfis skuli fylgja útlendingi en ekki dvalarleyfi og, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, geti sá tími sem útlendingur dvaldi hér á landi á leyfi sem ekki skapar grundvöll fyrir búsetuleyfi, talist til réttindasöfnunar. Enn fremur er jákvætt hversu sérstök áhersla er lögð á réttindi barna og velferð þeirra.

Þrátt fyrir að MRSÍ telji á heildina litið ekki áðstæðu til að athugasemda við frumvarpsdrögin, telur skrifstofan þó ástæðu til umfjöllunar um eftirfarandi:

1. MRSÍ leggur til að skilyrði um nánustu aðstandendur verði samræmd þannig að einu gildi hvort um barn eða foreldri EES, EFTA eða þriðja ríkisborgara er að ræða. Þannig teldist til nánasta aðstandanda, t.d. rússnesks, bandarísks, brasilísks eða alsírsks ríkisborgara, barn hans undir 21 árs aldri eða foreldri óháð aldri. Er þetta sanngirnismál, t.d. myndi það auðvelda börnum utan EES borgara að stunda nám hér á landi. Í dag þurfa þessir einstaklingar að sýna framfærslu eftir að þeir hafa náð 18 ára aldri og verður það oft til þess að þau hætta námi til að sjá fyrir sér, ef ekki tekst að sýna fram á að foreldrar þeirra geti framfært þau á meðan á námi stendur.
2. Verði ekki fallist á ofangreinda athugasemd, leggur MRSÍ til að skilgreining 4. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði umorðuð því skilgreiningin á einungis við hvað varðar þriðja ríkisborgara, ekki EES og EFTA borgara. MRSÍ telur það geta valdið



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

misskilningi að ekki eru jafnframt skilgreindir nánustu aðstandendur EES eða EFTA borgara.

3. Hvað varðar ákvæði í seinni málslið 1. mgr. 58. gr. frumvarpsdraganna og samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum, þ.e. að Útlendingastofnun sé heimilt að afturkalla búsetuleyfi ef ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu búsetuleyfis, þá leggur MRSÍ að það skilyrði verði fellt brott. Skrifstofunni er kunnugt um að ákvæðinu er almennt ekki beitt en hins vegar mætti t.d. beita því í tilvikum ef einstaklingur, sem kominn er með búsetuleyfi á grundvelli undanfarandi fjölskyldusameiningarleyfis, skilur við maka sinn. Forsendur fyrir búsetuleyfi væru þá ekki lengur fyrir hendi og því samkvæmt umræddu ákvæði heimilt að afturkalla búsetuleyfi einstaklingsins. Í núgildandi lögum sem og frumvarpsdrögum er sérstakt ákvæði um gildistíma búsetuleyfis eftir að leyfishafi flytur úr landi.
4. Ákvæðum frumvarpsdraganna um alþjóðlega vernd er sérstaklega fagnað, en MRSÍ veltir fyrir sér hvort ekki ætti, í greinargerð með 37. gr. frumvarpsdraganna, að tilgreina kynbundið ofbeldi almennt eða heimilisofbeldi jafnhliða kynfæralímlestingum og kynferðisofbeldi, þar sem það skilyrði að kyn kvennanna sé beinlínis ástæða ofsóknanna á einnig við um slíkt. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT), sem starfar á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, hefur enda skilgreint heimilisofbeldi sem pyndingar, sem þannig falla undir gildissvið samningsins (almenn athugasemd nefndarinnar nr. 2, útgefin 23. nóvember 2007).
5. Hvað varðar leyfi vegna tímabundins skorts á vinnuafli þá hvetur MRSÍ til þess að tekið verði upp fyrra fyrirkomulag, þ.e. leyfi, sem skapar ekki grundvöll fyrir búsetuleyfi, í eitt ár og síðan, ef forsendur eru fyrir endurnýjun, að einstaklingurinn fái leyfi sem skapar grundvöll fyrir búsetuleyfi. Bæði leyfishafar og atvinnurekendur hafa bent á að núverandi fyrirkomulag sé óhagkvæmt, t.d. segjast vinnuveitendur þurfa að þjálfa upp nýtt starfsfólk reglulega vegna skilyrða slíkra dvalarleyfa í stað þess að geta verið með sama starfsmann lengur en í tvö ár.
6. Þá veltir skrifstofan fyrir sér hvort ekki megi setja hliðstæð skilyrði um dvöl maka íslenskra ríkisborgara sem ekki eru EES eða EFTA borgarar og gilda um dvöl maka EES og EFTA borgara sem sjálfir eru þriðja ríkis borgarar. Er þá átt við að þeir fái dvalarskírteini í stað dvalarleyfa að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eiga við. Hefði það í för með sér einfaldari afgreiðslu og aukið jafnræði milli nú, í þessu tilliti, ólíkt settra aðila. Hvað varðar önnur atriði er líta þarf til, s.s. ofbeldi í hjúskap, málamyndahjúskap, nauðungarhjónabönd og jafnvel mansal, ættu önnur ákvæði frumvarpsdraganna að ná yfir. Minnt er og á samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúl samning, sem Ísland undirritaði 2011 og stefnir á að fullgilda, m.a. með þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MRSÍ telur að betur hefði farið á því að sameina lög um atvinnuréttindi útlendinga og lög um útlendinga í einn lagabálk. Skrifstofunni er kunnugt um að fyrrnefndu lögin eru í endurskoðun en nauðsynlegt er að frumvarp til breytinga á þeim verði lagt fram jafnhliða nýju frumvarpi til laga um útlendinga. Þá er það von skrifstofunnar að samræmis verði gætt svo ekki myndist glufur eða misræmi milli þessarra tveggja lagabálka, því slíkt gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá einstaklinga er fyrir verða.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri